



Efni: Heimild til að hefja verkefnið Power BI - Stjórnandinn

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið *Power BI – Stjórnandinn* þar sem færa á mælaborðið Stjórnandinn úr QlikSense yfir í PowerBI. Verkefnið er liður í að einfalda kerfisrekstur og bæta gagnanotkun borgarinnar en stefnt er að því að útfasa QlikSense í kjölfar loka verkefnisins.

Verkefnið er með fjármögnun á verkbeiðnanúmerinu 239951 (QlikSense stjórnendaupplýsingar) og tilheyrir verkefnaklasa 80001, áhöld, tækni og hugbúnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu. Heildarkostnaður verkefnisins samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 4.640.000 kr.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík, 8. september 2023
PON23040066

Greinargerð:

Upplýsingar fyrir stjórnendur borgarinnar (t.d. launatölur, fjöldi stöðugilda og staða fjárhagsáætlana) eru birtar í mælaborðinu *Stjórnandinn* með greiningartólinu QlikSense. Mælaborðið hefur verið til staðar í nokkur ár og nýst stjórnendum vel. Það sækir gögn frá grunnkerfum borgarinnar til birtingar sem og allar forsendur á bakvið myndræna birtingu þeirra. Gögnin eru sótt daglega og þeim umbylt áður en þau eru lesin inn í Stjórnandann og birt. Núverandi vinnsla á mikilvægum rekstrargögnunum í QlikSense gerir að verkum að erfitt og kostnaðarsamt er að endurskapa sömu birtingar milli margra lausna. Enginn stuðningur er við QlikSense á Íslandi lengur og enginn þjónustusamningur við Qlik um rekstur og uppihald á QlikSense. Það er því mikilvægt að færa mælaborðið í annað og hakgkvæmara greiningartól til þess að gögnin og vinnsla þeirra, sem og uppbygging mælaborðsins, glatist ekki.

Verkefnið felur í sér flutning á gögnum og gagnatenginum QlikSense yfir í greiningartólið PowerBI. Fluningurinn er bæði til einföldunar við framþróun sem og öryggi við uppihald og aðgengi stjórnenda að þessum upplýsingum. Einnig er mikilvægt að breyta og bæta ferli gagnanna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður verkefnisins samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 4.640.000 kr.

Verkefnið verður með fjármögnun á verkbeiðnanúmerinu 239951 (QlikSense stjórnendaupplýsingar) og tilheyrir verkefnaklasa 80001, áhöld, tækni og hugbúnaður.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,
Skrifstofustjóri gagnþjónustu